

Titill	Dómgæsla
Námsgrein	Val
Viðfangsefni	Dómgæsla-Boltagreinar
Skammstöfun	DÓMA2BG02
Staða	
Þrep	2
Einingafjöldi	2
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	DÓMA2BG02
Lýsing	Þessi áfangi gefur innsýn inn í grunnatriði knattspyrnudómgæslunnar, fer yfir knattspyrnulögin, ábyrgð knattspyrnudómara ásamt verklegum æfingum innandyrna og dómgæslu knattspyrnuleikja í nærumhverfinu. Þetta ætti að undirbúa alla áfanganum í að taka fyrstu skrefin sem knattspyrnudómari en um leið gefa aukna innsýn inn í krefjandi starf knattspyrnudómara og gefa fleiri þátttakendum íþróttafélaga kost á að halda áfram í knattspyrnuhverfinu þegar ferlinum lýkur og sporna þannig við brottfalli. Gert er ráð fyrir að kennt sé í sex lotum yfir önnina ásamt því að nemendur þurfa að dæma leiki undir eftirliti kennara frá KSÍ.
Forkröfur	
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á: - Knattspyrnulögunum og túlkun þeirra - Hvernig myndbandsdómgæsla nýtist í knattspyrnu og þekkingu á notkun hennar - Hlutverki knattspyrnudómara og hvað þarf til þess að gerast slíkur - Hvernig skal undirbúa sig undir krefjandi starf knattspyrnudómara
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Stjórna knattspyrnuleikjum í yngri flokkum hjá börnum yngri en 12 ára. - Nota jákvæð og skýr samskipti við börn við stjórnun knattspyrnuleikja og efla leiðtogaþæfni sína
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Stýra knattspyrnuleikjum af öryggi og festu hjá börnum yngri en 12 ára - Haldað uppi röð og reglu og haft góða leikstjórn í leikjum yngri flokka
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samráði við kennara frá KSÍ. Námsmat mun samanstanda af: - Skriflegu prófi úr lögum leiksins (70% lágmarkseinkunn) - Prófi úr klippum frá UEFA - Prófi úr klippum vegna mats á rangstöðu - Frammistöðu í verklegum æfingum - Ástundun - Mætingu

Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	